FULLT VERÐ: 5.995

**SECTION
bókahilla**
Flott kirsuberjalituð
bókahilla. Stærð:
B60 x H175 sm.

**50%
AFSLÁTTUR**



2JA SÆTA
34.950
FULL VERÐ: 69.950

ALVA sófasett 3 + 2
Fallegt sófasett með hvítu tauáklæði.
Stærð á 2ja sæta: B167 x D90 x H89 sm.
áður **69.950,-** nú **34.950,-**
Stærð á 3ja sæta: 210 x D90 x H89 sm.
áður **79.950,-** nú **39.950,-**

**SPARIÐ
4.000**



5.995
FULLT VERÐ: 9.995

OSCAR skrifborðsstóll
Skrifborðsstóll með innbyggðri
gaspumpu sem tryggir stíglausa
hæðarstillingu. Hægt að rugga.
Litur: Svartur.

**43%
AFSLÁTTUR**



19.950
FULLT VERÐ: 34.950

**VERONA
hægindastóll**
Glæsilegur hæginda-
stóll með ljósu
míkrófiberáklæði.
Hægt að halla
baki og lyfta skemli.
Stærð: B74 x H101
x D90 sm.

**24%
AFSLÁTTUR**



VERÐ ÁN FÓTA
12.950
FULL VERÐ: 16.950

PRICE STAR B10 dýna
Einföld dýna með 102 BONELL gormum
pr. m². Dýnan er með pólýúretansvampi.
Fætur verð frá: **4.995,-** Ótrúlega gott verð!
STÆRÐ: 90 X 200 SM.

**Price
Star**

**SPARIÐ
30.000**



39.950
FULLT VERÐ: 69.950

FALSTER tungusófi
Svartur tungusófi með PU áklæði.
Stærð: 196 x 140 x 92 sm.

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Rosalega rólegt í rugldeildinni

Bræðurnir **Friðrik Dór og Jón Ragnar Jónsson** hafa báðir látið til sín taka í tónlistinni, sá síðarnefndi gaf út sína fyrstu plötu á dögnum og sá fyrrnefndi síðasta haust. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við bræðurna yfir kaffibolla.

Jón Ragnar Jónsson og Friðrik Dór mæta stundvíslega á Prikjó til fundar við blaðamann Fréttablaðsins. Friðrik Dór, sem er 22 ára, sló í gegn á síðasta ári þegar hann gaf út plötuna *Allt sem þú átt* sem fékk góða dóma og vakti verðskuldaða athygli sem fyrsta íslenska RnB platan. Hinn 25 ára Jón Ragnar gaf hins vegar út sína fyrstu plötu, *Wait for Fate*, í síðustu viku, undir listamannsnafninu Jón Jónsson. Hann er líka nýtekinn við starfi ritstjóra vikuritsins *Monitors* auk þess að æfa fótbolta með FH. Eftir að við höfum komið okkur fyrir á efri hæð Prikjans hefjum við spjallid og að sjálfsögðu snýst fyrsta spurningin um hvort tónlistarhugninginn hafi fylgt þeim frá æsku.

Jón Ragnar: „Ég hef verið með gítarinn í hönd síðan ég var átta ára. Þá byrjaði ég að læra á klassískan gítar. Ég byrjaði svo að semja lög þegar ég var ellefu ára gamall, pabbi sagði mér til. Foreldrar okkar [Jón Rúnar Halldórsson og Ásthildur Ragnarsdóttir] höfðu svo sem ekkert verið mikið í tónlist en pabbi var nú samt söngvarinn í hljómsveitinni Frostmarki á Laugarvatni. Það var rokkhljómsveit, skólastjórinn var alltaf að segja honum að klippa sig.“

Friðrik Dór: „Ég var látinn læra á píanó í fjögur ár, sem mér fannst rosalega leiðinlegt og árangurinn var í samræmi við áhugann. Svo skipti ég yfir í trommur og það gekk mjög vel. Það þurfti líka að pína mig í tónfræði, enda er ég ekkert sérstakur í henni.“

Jón Ragnar: „Ég hætti svo að læra á gítarinn átján ára, það var annar veturinn minn í söngleikjunum í Versló, ég hafði bara ekki tíma fyrir gítarnámið, ætlaði að byrja aftur en gerði það svo ekki.“

Hlutverkin snerust við

Þrjú ár skilja bræðurna að í aldri. Þeir eru aldir upp í Hafnarfirði og fóru báðir í Verslunarskólann. Þeir segjast alltaf hafa verið hæfilega samrýmdir.

Friðrik Dór: „Ég hef alltaf elt stóra bróður, Jón kenndi mér á gítar og ég fór eiginlega að semja lög af því að hann var semja lög.“

Jón Ragnar: „Svo fyrstu nú alveg þínar eigin leiðir.“

Friðrik Dór: „Já, það var gott að hafa einhvern til að kenna sér, en svo hafa hlutverkin eiginlega snúist við og ég þarf að kenna honum á bransann.“

Jón Ragnar: „Við megum ekki gleyma að segja frá því að við spiluum oft saman í bílskúrnum þegar við vorum unglingar.“

Friðrik Dór: „Vorur samt bara að leika okkur, við höfum ekki verið saman í hljómsveit.“

Jón Ragnar: „Það er samt í bígerð. Við ætlum að gefa út Bræðrabandalagið. Eða ekki.“

Plata Jóns Ragnars kom sem áður sagði út í síðustu viku. Hann segir að aðallega hafi verið gaman að undirbúa útgáfuna.

Jón Ragnar: „Lögin eru frá löngu tímabili. Og það var ágætt að koma þeim frá sér á plötu og segja skilið við fortíðina hahaha. Án gríns þá er þetta mjög skemmtilegt. Það var reyndar aðeins erfitt mánudaginn þegar platan átti að koma út en hún skilaði sér ekki í verslanir og fólk var að spyrja mig um hana. En svo skilaði hún sér fljótt og vel í búðir. Reyndar aðeins vandræðalegt líka þegar kynnrinn á leik FH gegn Grindavík kynnti mig til leiks og fór að hvetja alla til að kaupa plötuna. Ég ætlaði að vera geðveikt fókuseraður á leikinn en þetta sló mig aðeins út af laginu. Við unnum reyndar með sjö mörkum gegn tveimur en ég átti ekki mikinn þátt í því.“

Þar með berst talið að FH en Jón Ragnar og Friðrik Dór sem ólust upp í Hafnarfirði hafa verið FH-ingar frá blautu barnsbeini.



HÆFILEGA SAMRÝMDIR Bræðurnir Jón Ragnar og Friðrik Dór eiga það sameiginlegt að vera tónlistarmenn, gallharðir FH-ingar og brottfluttir Hafnarfirðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



Það er búið að segja mér að ef ég ætli að selja plötur þá verði ég að gera eitthvað af mér.

Jón Ragnar: „Frikki er partur af Kaplakrika.“

Friðrik Dór: „Mér finnst rosalega gott að vera þar, ég æfði fótbolta þar til ég var tvítugur. Þá hætti ég enda sá ég að ég var ekki að verða fótboltastjarna hahaha. Ég man að ég hringdi í vin minn, sagðist vera hættur og ætla að verða poppstjarna. Ég vil samt ekki vera gaurinn sem hangir þarna að ástæðulausu og þess vegna er ég að þjálfa yngri flokka sem er mjög gaman.“

Jón Ragnar: „FH er eiginlega mjög stór hluti af fjölskyldunni, pabbi er formaður knattspyrnu-eildarinnar og bróðir hans formaður félagsins og við tölum mjög mikið um fótbolta.“

Friðrik Dór: „Sem er kannski frekar þreytandi fyrir maka okkar sem hafa ekki jafn mikinn áhuga á FH og við hin.“

Jón Jónsson er alteregóið

Bræðrunum er fleira til lista lagt en fótbolti og tónlist. Jón Ragnar er hagfræðingur og starfar nú sem ritstjóri vikuritsins *Monitors*. Hann segir framann í fjölmiðlum frekar óvæntan.

Jón Ragnar: „Ég fór að vinna við að selja auglýsingar í blaðið með mjög skömmum fyrirvara síðasta haust, nokkuð sem var ekki á dagskránni hjá mér. Það gekk vel. Svo þegar Björn Bragi [Arnarson] hætti var mér boðin ritstjórastæðan og ég tók því boði.“

Spurður hvort það flæki ekki málin að vera báðum megin borðsins, eiga að gera tónlist skil og vera að gefa út tónlist, segir Jón Ragnar svo ekki vera.

Jón Ragnar: „Ég reyni að halda þessum hlutverkum mínum alveg aðskildum, það var ekki minnst á útgáfu plötunnar í *Monitor*. Svo þegar ég mæti á fótboltaæfingar

þá reyni ég að halda 100 prósent fókus þar, svo þegar ég er tónlistarmaður þá sinni ég því af einbeitingu. Þess vegna er ágætt að hafa alteregóið Jón Jónsson, ritstjórinn og tónlistarmaðurinn eru ekki sami maðurinn.“

Friðrik Dór: „Annars er afi eitthvað ósáttur við listamannsnafnid. Afí okkar heitir nefnilega Ragnar, hann er svolítið ósáttur við það að Ragnarsnafnid sé horfið. Og er kominn með nýja hugmynd að listamannsnafni, Jón Ra. Afí býr á Spáni og fylgist með okkur úr fjarska.“

Jón Ragnar: „Ég ætlaði ekki að særa Ragga afa.“

Aðdáendabréf með ilmvatni

Friðrik Dór gaf sem áður sagði út plötu síðasta haust og hefur haft tónlistina að lifibraudi síðan. Í aðdraganda útgáfu plötunnar hætti hann í háskólanámi en þá

var hann á öðru ári í stjórnmálafræði.

Friðrik Dór: „Mér gekk vel á fyrsta árinu. En svo var ég að semja og taka upp plötuna þegar skólinn var byrjaður, missti af öllum miðannarprófum og hætti. Og hef haft nóg að gera síðan í tónlistinni. Ég hugsa að ég taki mér líka frí frá námi næsta vetur. Það er nóg að gera og fullt af tækifærum sem er spennandi að sinna. En mig langar til að fara aftur í nám síðar, það kemur bara í ljós hvaða nám það verður. Akkúrat núna hlakka ég samt mest til þess að fara til Danmerkur í ágúst, það verður kærkomið frí.“

Jón Ragnar: „Þú ætlar líka að nota tækifærið og læra af meistaranum, ekki satt?“

Friðrik Dór: „Jú ég er að fara á tónleika með Kanye West.“

En þar til af Danmerkurferðinni verður er margir tónleikar fram undan. Bræðurnir eru sammála um að það sé mjög gaman að koma fram á tónleikum.

Friðrik Dór: „Ég hef verið mikið á ferðinni í sumar, sungið fyrir krakka, unglunga og eldri. Það er mjög gaman að syngja fyrir krakka sem eru yfirleitt mjög hressir. Unglingarnir halda kannski aðeins meira aftur af sér.“

Jón Ragnar: „Það er mjög gaman að sjá hvað Friðrik er orðin mikil poppstjarna.“

Friðrik Dór: „Ég hef fengið aðdáendabréf sem sprautað hefur verið ilmvatni á, séð myndir af mér á afmælistertum og svo framvegis. En þegar ég var að semja tónlistina fyrir plötuna mína þá var ég bara gera það sem ég féla. Og það var mjög gaman hvað hún gekk vel.“

Jón Ragnar: „Tónlistin mín höfðar kannski til eldra fólks en tónlist Friðriks. Ég hef spilað fyrir nokkuð breiðan hóp af fólki, verið að spila í fertugsafmælum og svona.“

Hraðakstur stærsta hneykslið

Blaðamaður getur ekki annað en hermt upp á þá bræður að lokum að þeir hafi það orð á sér að vera einkar góðir strákar með afar lítið óhreint mjöl í pokahorninu. Raunar hefur samtalið til þessa ekki gert annað en staðfesta þennan almannaróm.

Jón Ragnar: „Maður hefur nú samt auðvitað prófað eiturlyf. Grín. Þetta er samt aðeins vandræðalegt, það er búið að segja mér að ef ég ætli að selja plötur þá verði ég að gera eitthvað af mér.“

Friðrik Dór: „Versta fréttin sem hefur sést um mig er þegar það birtist frétt í *Monitor* um að ég hefði fengið hraðasekt. Jón Ragnar sagði Birni Braga frá því og hann vildi endilega skrifa um það. Ég var á leiðinni frá Keflavík til Akureyrar, hafði verið að spila í Keflavík og var á leið á gígg á Akureyri þegar lögreglan á Blönduósi stöðvaði mig fyrir of hraðan akstur.“

Jón Ragnar: „Þetta líf er ekkert dans á rósum.“

Friðrik Dór: „Það er eiginlega alveg rosalega rólegt í rugldeildinni hjá okkur.“

Jón Ragnar: „Svo höfum við báðir verið á föstu mjög lengi. Ég er búinn að vera með sömu kærustunni síðan ég var sautján ára, við vorum að kaupa okkur íbúð í Sjálandshverfinu. Sem er reyndar í Garðabæ en það eru bara fjórar mínútur upp í Krika.“

Friðrik Dór: „Ég bý reyndar hér í miðbænum. En er samt alltaf í Hafnarfirði. Fólk er alltaf að segja að það sé svo þægilegt að vera í miðbænum en það er eiginlega ekkert þægilegt fyrir mig.“

Jón Ragnar: „Ég vona að góðmennskan verði okkur ekki að falli í bransann.“

Friðrik Dór: „Kollegarnir hafa að minnsta kosti ekki verið með stæla hingað til.“



B&S | Kringlunni 553 4141

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

RALPH LAUREN

50%

afsláttur
af öllum vörum

40%

afsláttur af öllum útsöluvörum

HUGO BOSS

KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

ath. nýjar herra og kvenvörur komnar í hús!

40%

afsláttur
af öllum vörum

fierra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

POLO RALPH LAUREN

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

gardeur

TINO COSMA

VAN KOLLEM
MADISON PARK - NY

LLOYD

nýjar
vörur
frá

ENGLABÖRNIÐIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

50%

afsláttur
af öllum útsöluvörum



bisgaard



RALPH LAUREN



Kúplað út úr þjóðfélaginu

Kaflaskil urðu í mestu sakamálasögu Íslands fyrr og síðar þegar meintur höfuðpaur í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, Sævar Ciesielski, lést í Kaupmannahöfn í vikunni sem leið. Hann glímdi við afleiðingar þess til dauðadags og málið dularfulla, sem setti samfélagið allt úr skorðum í áraraðir, hvílir enn sem mara á þjóðinni. Stígur Helgason rifjaði upp málið og lífsbaráttu Sævars.

Með tíu mánaða millibili árið 1974 hurfu tveir menn sporlaust á Íslandi. Í janúarlok hélt átján ára piltur, Guðmundur Einarsson, á dansleik í Hafnarfirði og skilaði sér ekki heim. Síðla í nóvember fór ríflega þrítugur Keflvíklingur, Geirfinnur Einarsson, til fundar við ókunnan mann í sjoppu í bænum en sneri aldrei aftur. Síðan þetta gerðist er liðinn hálfur fjórði áratugur og tveimur árum betur. Báðir mennirnir eru hins vegar enn ófundnir.

Málin hafa síðan verið þekkt undir einu nafni: Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Þau virtust þó í fyrstu ekki tengjast með nokkrum hætti og enn ríkja miklar efasemdir um að svo hafi verið. Þegar upp var staðið reyndist tengingin líka aðeins ein: Tveir menn hlutu þunga fangelsisdóma fyrir að bera ábyrgð á báðum mannskvörfum. Þetta voru þeir Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson, sem hvor um sig var dæmdur í ævilangt fangelsi í Sakadómi Reykjavíkur en Hæstiréttur var ögn miskunnssamari og kvað upp yfir þeim sautján ára fangelsisdóm.

Handtökur í röðum

Það var ekki fyrr en í desember 1975, rúmu ári frá hvarfi Geirfinns og tæpum tveimur árum frá hvarfi Guðmundar, sem fernt var handtekið og úrskurðað í gæsluvarðhald. Sævar var handtekinn ásamt Erlu Bolladóttur og voru þau í upphafi grunuð um að svíkja fé út frá Pósti og síma, þar sem Erla starfaði. Fljótlega tók rannsóknin hins vegar að snúast um mannskvörfin tvö. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar Leifsson voru einnig úrskurðaðir í varðhald. Tryggvi var síðar dæmdur fyrir aðild að morðinu á Guðmundi.

Fleiri voru fljótlega handteknir vegna málsins, fjórir menn sem allir tengdust skemmtistaðnum Klúbbnum. Opinbera skýringin var sú að hinir fjórmennningarir hefðu bendlað þá við mannskvörfin, og þeir gengust við þeim röngu sakargiftum síðar meir, en því hefur margsinnis verið gert skóna að lögreglan hafi frá upphafi grunað Klúbbsmenn um aðild að málinum. Þeir voru allir látnir lausir eftir þriggja mánaða einangrunarvist og fengu að lokum bætur fyrir.

Allt í hnút – Shutz til bjargar

Hálfa ári eftir fyrstu handtökur var rannsóknin komin í hálfgerðan hnút. Fjórmennningarir sem sátu inni játuðu meira en það sem staðreyndir og sönnunargögn gátu stutt, frásagnir þeirra rákust á í veigamiklum atriðum og voru stundum æði fjarstæðukenndar.

Með öðrum orðum gekk íslenskum lögreglufrivöldum vægast sagt illa að fá botn í málið og þegar landsmenn voru teknir að ókyrrast mjög vegna þess hve hægt gekk og skrautlegar samsæriskenningar um afdrif þeirra Guðmundar og Geirfinns gegnsýrðu samfélagið allt var brugðið á það ráð að fá hingað til lands þaulreyndan þýskan rannsóknarlögreglumann sem kominn var á eftirlaun: Karl Shutz. Hlutverk hans var að hnoða illsamræmanlegum sögum sakborninganna saman í trúverðuga atburðarás. Hann tók við stjórnartæmunum í júlí 1976.

Sjö mánuðum síðar, 2. febrúar, tilkynnti Shutz um það á blaðamannafundi ásamt íslensku



„MIÐG SLUNGIÐ OG FURÐULEGT MÁL“ Viðstöðdum var nokkuð brugðið þegar Sævar Ciesielski stóð upp í Sakadómi Reykjavíkur í október 1977 og flutti varnarræðu sína sjálfur. Lýsingar hans á aðförum lögreglunnar við að ná fram játningu voru sláandi. Enn þann dag í dag hefur ekki verið rannsakað formlega hvort þær áttu við rök að styðjast.

MYND/LIÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

lögreglunni að málið – sem í raun voru tvö mál – væri leyst og að játningar lægju fyrir. Íslenska þjóðin, sem hafði verið þjökuð af endaleysunni í tvö ár, varpaði öndinni léttar og Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra sagði að nú væri „martröð létt af þjóðinni“. Öðru var nær.

Eins og í Rússlandi 1937

Þegar málið var tekið til dóms í október 1977 kom í ljós að það var síður en svo eins klippt og skorið og Schutz og hans menn höfðu viljað vera láta í febrúar. Greint var frá því að aðalsakborningarnir hefðu dregið játningarnar sínar til baka og við aðalmeðferð málsins var því lýst hvernig játningarnar áttu að hafa verið knúnar fram með miklu harðræði lögreglu á meðan á hinni tæplega tveggja ára löngu einangrunarvist stóð.

Sævar Ciesielski, sem lýst hafði verið sem höfuðpaur málsins, flutti eigin varnarræðu fyrir dómnum. „Þetta er mjög slungið og furðulegt mál allt saman,“ sagði hann samkvæmt endursögn Morgunblaðsins, og lýsti sig saklausan líkt og hann hefði gert frá upphafi.

Lýsing hans á vistinni í Síðumúlafangelsi var ófögur: „Ég hef hirst í sjö hundruð daga innilokaður í klefa sem er aðeins 2 sinnum 2,5 metrar. Við sem erum ákærð í málinu höfum orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Lögregla hefur ráðist að okkur af engu tilefni. Þetta hef ég oft horft upp á í gegnum árin, og nú eru þessir menn að yfirheyrja okkur. Það sem upp úr okkur hefur komið eru játningapúlur, ekkert annað. Þetta er heilapvottur, þetta er andleg þíning. Það sem er að gerast í þessu máli er hlutur sem er að gerast og hefur gerst um allan heim. Saklaust fólk er látið játa á sig rangar sakir og svo er því kúpl-

■ DÓMSMORÐ – VÍÐTÆKUR STUÐNINGUR VIÐ MÁLSTAÐ SÆVAR

Þegar líða tók á tíunda áratuginn og Sævar Ciesielski hafði háð baráttu fyrir endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmálsins um margra ára skeið tók almenningsálitið að snúast mjög á sveif með hinum dæmdu í málinu. Sigursteinn Másson vann ítarlegan sjónvarpsþátt um málið og fljótlega varð það að viðtekinni skoðun að réttarkerfið hefði brugðist fólkinu – óháð því hvort það væri sekt eða saklaust.

Þessi víðtæki stuðningur braust svo út af krafti á Alþingi haustið 1998, þegar sjálfur forsætisráðherra þjóðarinnar, Davíð Oddsson, lýsti því yfir að hann teldi að í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu hefðu verið framín „dómsmorð“.

Í viðtali við Morgunblaðið, þar sem hann skýrði þessa afstöðu sína, sagði að forsendur sem þurfi að vera fyrir hendi til að kveða megi upp trúverðugan dóm hafi vantað í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Sagði hann að forsendurnar hefðu brostið á öllum



DAVÍÐ ODDSSON

stigum málsins, þvingunarúrræðin sem beitt var væru ekki í neinu samræmi við réttarvitund fólks og því hefði í raun ekki verið hægt að kveða upp dóm með þeim hætti sem gert hefði verið. Davíð sagði að með orðinu „dómsmorð“ væri hann að vísa til allra sem málið tók til, bæði hinna dæmdu og annarra sem aldrei hlutu dóm. „Ég tel þess vegna miðað við þessar forsendur, að það megi taka svo til orða eins og ég gerði að ekki aðeins eitt dómsmorð heldur fleiri hafi verið framín.“

Þá gagnrýndi hann að endurupptöku hefði verið hafnað og sagði dómstóla þar hafa brugðist. „Vegna þess að fyrir framan þá voru þessar rannsóknaraðferðir. Fyrir framan þá voru öll þessi dularfullu málsatvik. Fyrir framan þá voru engin lík. Fyrir framan þá voru engin sannindamerki þess að þessir menn hefðu nokkru sinni hitt þá menn sem hurfu. Ég er ekki í vafa um að það hefði tekið skamma hríð í Evrópu og Bandaríkjunum að taka þetta mál upp.“

að út úr þjóðfélaginu. Þetta gerðist í Rússlandi 1937 og þetta hefur víða gerst.“

Niðþungir dómur

Sævar biðlaði að lokum til dómara að vera skynsamir og sýkna hann en var ekki bænheyrður. Hann, eins og Kristján Viðar, var dæmdur í ævilangt fangelsi, sem var nær einsdæmi, Tryggvi Rúnar í sexán ára fangelsi fyrir aðild að morði Guðmundar, Guðjón Skarphéðinsson í tólf ára fangelsi fyrir aðild að morði Geirfinns og Albert Kahn Skaftason í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að hafa ekið með lík Guðmundar í Hafnarfjarðarhraun. Hvorugt líkið hefur þó nokkru sinni fundist.

Opinbera sagan, sem byggt var á í dómniðurstöðunni, var á þá leið að Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi hefðu lent í átökum við Guðmund á heimili Erlu Bolladóttur og átökin hefðu dregið Guðmund til dauða. Síðar á árinu hafi Sævar, Kristján Viðar og Guðjón ætlað að kaupa heimabrug af Geirfinni og þeim sinnast með þeim afleiðing að þremmningarnir myrtu Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík.

Áralöng árangurslaus baráttu

Hæstiréttur mildaði dómanna nokkrum mánuðum síðar, þá þingstu í

sautján ár, og um miðjan níunda áratuginn voru allir lausir úr fangelsi. Málið átti hins vegar eftir að marka djúp spor í líf þeirra allra, sem og þeirra sem bendlaðir voru við það á fyrri stigum en aldrei dæmdir.

Það var höfuðpaurinn meinti, Sævar Ciesielski, sem neitaði að sætta sig við það sem á undan hafði gengið. Sævar hafði ekki átt auðvelt líf. Sem barn var hann vistaður í Breiðavík og sætti þar harðræði af hálfu forstöðumannsins. Um það skrifaði hann bók sem sannleiksnefnd um vistheimili taldi mikilvæga heimild þegar hún vann skýrslu sína um ofbeldi á heimilunum löngu síðar. Fyrir Guðmundar- og Geirfinnsmál hafði Sævar staðið í neyslu og smáglæpum.

Þrátt fyrir þessa fortíð var hann ekki af baki dottinn og áratug eftir að hann losnaði úr fangelsi hóf hann ótula baráttu fyrir endurupptöku sakamálsins sem skeið hafði þjóðina tuttugu árum fyrr.

Sú vegferð bar ekki árangur þrátt fyrir stuðning flestra þeirra sem sátu inni vegna málsins á sínum tíma. Fæstir þeirra beittu sér af krafti fyrir endurupptökunni, sem Sævar barðist fyrir um nokkurra ára skeið, en lýstu því þó yfir að rannsóknaraðferðir lögreglu hefðu verið glæpsamlegar og eðlilegt væri

að málið fengi meðferð á nýjan leik.

Sævar fór fram á þetta formlega árið 1994 en endanleg niðurstaða fékkst frá Hæstarétti þremur árum síðar: Ekki stæðu efni til þess að taka málið upp á ný, enda lægju ekki fyrir ný gögn sem ætla mátti að hefðu breytt niðurstöðunni á sínum tíma.

Gríðarleg áhrif

Sævar bar aldrei sitt barr eftir þessa niðurstöðu og lauk nú í vikunni ævi sinni sem lítilmagna alkóhólisti í Kaupmannahöfn eftir áratuga baráttu við íslenska réttarkerfið. Ekki er ofsögum sagt að mál hans hafi hins vegar breytt viðhorfum Íslendinga til téðs kerfis. Málið varð háþólitískt, svo mjög að Karl Schutz lýsti því fyrir þýskum fjölmiðlum við heimkomuna frá Íslandi að hann hefði með snarræði sínu bjargað íslensku ríkisstjórninni frá falli. Enn dafna kenningar um það hvað raunverulega gerðist í lífi Guðmundar og Geirfinns dagana orlagaríku árið 1974 og efasemdir um að rétt hafi verið staðið að rannsókninni hafa bara aukist.

Ólíklegt er að sannleikurinn komi nokkurn tíma í ljós úr þessu, en baráttan fyrir endurupptöku þessa ótrúlega sakamáls stendur þó enn að Sævari gengnum.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Knútur og Helena rækta tómata á Friðheimum í Reykholti. Þau eru einu garðyrkjubændurnir sem rækta plómutómata allt árið um kring en auk þeirra rækta þau hefðbundna tómata og konfektómata. Á Friðheimum gefst gestum tækifæri til að skoða gróðurhúsin og kynna sér hvernig tómatarækt gengur fyrir sig.





Friðsæll gróandi og freyðandi ár

Uppsveitir Árnessýslu bjóða upp á fleiri forvitnilega áfangastaði en gullna hringinn. Svæðið spannar svæðið frá Þingvöllum að Þjórsá og státar af mörgum fegurstu náttúruperlum og frægustu sögustöðum landsins, auk fjölbreyttrar afþreyingar.

1. Haukadalskógur

Fyrir þá sem heimsækja Geysi er kjörið að nota tækifærið og fá sér góða göngu í Haukadalskógi í grennd við hverasvæðið. Þar má finna merktar gönguleiðir við allra hæfi, jafnt sumar sem vetur. Eftir gönguferðina er hægt að bruna áfram að Gullfossi.

2. Gróðurhúsaskoðun á Flúðum

Margir garðyrkjubændur eru á Flúðum. Hópum er boðið upp á heimsóknir í gróðurhús, þar sem má fræðast um blómaræktun, grænmeti, ber, sveppi, lífræna ræktun og krydd.

3. Fjallganga frá Flúðum

Hægt er að skreppa í fjallgöngu eftir merktri gönguleið á Miðfell. Af fellinu er mikið útsýni en sagan segir að í Miðfellsvatni, uppi á fellinu, búi nykur. Gangan er frekar brött en nokkuð auðveld og tekur um tvær til þrjár klukkustundir. Að lokinni göngu er kjörið að slaka á lúnum vöðvum í sundlauginni að Flúðum.

4. Laugarvatn

Á Laugarvatni má eyða góðum tíma, fara í sund og náttúrulega gufu, busla í vatninu eða taka bát á leigu. Göngugarpar geta valið

milli fjölda skemmtilegra gönguleiða í nágrenni Laugarvatns. Á Laugarvatnsfjall er tilvalin fjölskyldugönguleið um 500 metra upp á brún.

5. Grímsnes

Hægt er að aka ýmsar skemmtilegar leiðir í Grímsnesi, til dæmis að Hestfjalli framhjá Kiðjabergi þar sem sýslumannshúsið, elsta íbúðarhús í Árnessýslu er. Golfáhugamenn verða heldur ekki fyrir vonbrigðum með golfvöllinn að Kiðjabergi.

6. Sólheimar

Sólheimar er sjálfbært samfélag um hundrað íbúa. Gaman er að líta við í versluninni Völu á aðaltorgi Sólheima. Vala er annars vegar matvöruverslun með áherslu á lífrænar vörutegundir, og hins vegar Listhús. Að lokinni verslunarferð er kjörið að líta við á kaffihúsinu Grænu könnunni.

7. Grafningur

Grafningur er löng og mjó hlíð og lítill dalverpi undir Grafningsfjöllum, Hengli og Ingólfsfjalli. Frá Nesjavöllum er hægt að sjá vel yfir til allra átta af útsýnis-palli, þar sem ýmsar upplýsingar er að finna. Boðið er upp á veit-

ingar í Nesbúð. Fjölmargar gönguleiðir hafa verið merktar á þessum slóðum.

8. Skálholt


Um margra alda skeið var Skálholt í Biskupstungum höfuðstaður Íslands. Hin árlega Skálholtshátíð er haldin nú um helgina. Þar verður meðal annars boðið upp á hátíðarguðþjónustu, ráðstefnur, tónleika, pílgrímsgöngur og kirkjukaffi.

9. Þjórsárdalur

Í Þjórsárdal má bregða sér í skógarferð eða sund í sérkennilegri útilaug. Áhugavert er að skoða Sögualdarbæinn og einnig bæinn Stöng sem var grafinn upp, en Heklugos lagði dalinn í eyði árið 1104. Gjáin og Hjálparfoss eru í næsta nágrenni og jeppafært er frá Stöng upp að Háafossi.

10. Hvítá

Hvítá er fallett og hressilegt jökulfljót sem á upptök í Hvítárvatni undir Langjökli. Boðið er upp á flúðasiglingar fyrir fjölskylduna niður ána á hagstæðu verði. Sigld er sjö kílómetra leið gegnum falleg gljúfur og margvíslegar flúðir. Erfiðleikastig tvö af fimm mögulegum.



Bylgjulestin Fagnar 25 ára afmæli Bylgjunnar með ferð um Ísland í sumar. Hún verður á Flúðum í dag og verður þátturinn Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansý sendur þaðan út.

Rockwood fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður



Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- Galvaniseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjáðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmidekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf

- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi

- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/briggja hraða víftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak

- og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útljós
- 1 x færanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn®

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

júlí 2011

Heillandi heimur

Systkinin Zara Rún og Óli Anton Biektvedt halda brátt á vit ævintýranna í Hong Kong.

SÍÐA 2.



Laugavegurinn eftirminnilegur

Mæðgumar Ása Ögmundsdóttir og Freyja Ingadóttir fara í langar göngur á hverju sumri.

SÍÐA 6



Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin“ í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu okkar.is og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

okkar



Berjast fyrir rétti feðra Heimir Hilmarsson segir að evrópskir feður hafi fundað og stillt saman strengi í baráttunni fyrir bættum rétti feðra og barna til að njóta samvista hvers annars. FRÉTTABLAÐID/STEFAN

Erum öðrum þjóðum fremri

Óskað var eftir að Ísland tæki þátt í stofnun evrópsks hagsmunafélags feðra. Ástæðan er hversu framfarlega Ísland stendur í fæðingarorlofsmálum.

Félagið er kallað Platform for European Fathers. Aðalmarkmið þess er að koma málefnum feðra á framfæri við Evrópusambandið,“ segir Heimir Hilmarsson, formaður Félags um foreldrajafrétti og stjórnarmaður í hinu nýstofn-

aða félagi Platform for European Fathers (PEF) í Evrópu. Fulltrúar sautján samtaka frá tólf Evrópulöndum komu saman í lok júní til að stofna félagið og stilla saman strengi í baráttunni fyrir bættum samvista hvers annars. Félagið er

hið fyrsta sinnar tegundar í Evrópu. Heimir segir að óskað hafi verið eftir því að Ísland yrði stofnaðili félagsins, þrátt fyrir að landið sé ekki í Evrópusambandinu. „Ástæðan fyrir því er sú að fæðingarorlof á Íslandi er með því besta sem gerist í Evrópu. Hér fá feður og mæður þrjá

mánuði í fæðingarorlof hvort fyrir sig og síðan geta foreldrarir skipt þremur mánuðum á milli sín. Ísland er leiðandi á sviði fæðingarorlofsmála,“ segir Heimir og bætir við að í Evrópu sé fæðingarorlof feðra

FRAMHALD Á SÍÐU 2

VIKUTILBOÐ Á **LITALASER** PRENTARA



24.990

FULLT VERÐ KR. 29.990

SEX VERSLANIR

ALLTAF BETRA VERÐ

Samsung CLP315

- A4 LITALASER prentari
- 2400x600 punkta upplausn
- Prentar allt að 16 bls á mínútu
- USB 2.0

TÖLVULISTINN

TL.IS

Lægri rekstrarkostnaður en á hefðbundnum bleksprautuprentara!

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

Niels Gíslason
skrifar



Barnavagnarallíð

Eftir langan vinnudag og setu á rassinum gat ég ekki annað en tekið boði vinar míns um kvöldið að fara út á körfuboltavöll að hreyfa mig. Konan mín var búin að vera ein með barnið allan daginn svo samviska mín bauð mér að taka barnið með út á völlum.

Rétt áður en ég fór vaknaði barnið af værum blundi, en ég í bjartsýni minni hélt að ég fengi frið til að dripla bolta og sá fyrir mér að hálfars gamli málleysinginn mundi una sér vel í barnavagninum og horfa á föður sinn leika listir sínar. Ég tók svefndrukkið barnið úr vöggunni, skelti því í barnavagn og hljóp af stað. Hinn frægi Þorlákur Flóki, sem heillar alla með sínu gáfulega augnaráði, starði hneykslaður á mig með svefnpoka dreginn upp fyrir nef í því sem nú var orðið rallíbarnavagn.

Börn eru víst viðkvæm og ofan á hausnum er gat á hauskúpunni, undir húðinni er heilinn óvarinn. Þau eru svo lítil að þeim getur orðið kalt á augabragði. Ég hljóp eftir Hringbrautinni og heyrði föðurlega rödd í huga mér segja: „Mikil er ábyrgð þín, Niels!“. Að fara út í göngutúr nú til dags krefst álíka mikils undirbúnings og að fara í útilegu. Þetta varð til þess að ég fór fyrst að huga að grunnatriðunum: Var bleyja í skiptitöskunni? Hvað er langt síðan krakkinn fékk að drekka úr brjósti? Mun hann nokkuð krókna úr kulda? Nei, iss piss, það má ekki ofvernda krakka, það er leiðinlegt. Eða hvernig var þetta annars í gamla daga þegar konur fæddu í baðstofunni, gáfu börnum dúsu og gengu með þau sveitanna á milli? Þá var barnadauði mun algengari.

Til að gera stutta sögu enn styttri þá tilkynnist hér með að ég fékk lítið að spila. Við krakkinn undum okkur vel við hliðarlínuna og horfðum á hina, móða og mäsandi. Ég vorkenndi þeim. Vínberin eru svo sannarlega súr eins og refurinn sagði. Þá finnst mér nú betra að grettast við skemmtilegan krakka heldur en að eltast við bolta með heimskum mönnum.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsiðumynd: Stefán Karlsson Pennar: Júlía Margrét Alexandersdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Niels Gíslason og Vera Einarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: Ívar Örn Hanssen ivarorn@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði
á 120 stöðum um land allt. Nánari
upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10
ÁRA

Allt sem þú þarft



Vistaskipti Systkinin Zara Rún og Óli Anton munu í sumar dvelja hjá föður sínum í Hong Kong þar sem þau bjuggu áður um nokkurra ára skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Gjörólíkir heimar

Systkinin Zara Rún og Óli Anton Bieltvedt halda brátt á vit ævintýrana í Hong Kong. Mesta tilhökkunarefnið er fótbolti, búðarráp og langþráðir endurfundir við föður þeirra.

Glitrandi háhýsi, ævintýri og sólskinsveður biður systkinanna Zöru Rúnar, 14 ára, og Óla Antons Bieltvedt, 11 ára, sem halda í næstu viku á fund föður síns í Hong Kong. Fréttablaðið fékk að forvitnast aðeins um ferðalagið.

Hvað stendur til?

Zara: „Við ætlum að búa hjá pabba í sumar. Hann er „businessmaður“ sem framleiðir alls konar tæki, heyrnartól og fleira og býr á Discovery Bay-eyju fyrir utan Hong Kong.“

Óli: „Hún er mjög ólík Reykjavík. Fullt af háhýsum og blokkum og eintómir strætóar og golfbílur þar sem venjulegir bílar eru bannaðir.“

Zara: „Þeir menga svo mikið.“

Þannig að þið hafið farið áður?

Zara: „Jamm, við fæddumst sko bæði og bjuggum í Hong Kong.“

Óli: „Ég var eitthvað sjö ára þegar við fluttum með mömmu til Íslands.“

Zara: „Og ég nú. Við förum samt alltaf út nokkrum sinnum á ári.“

Eruð þið spennit fyrir ferðinni?

„Já, að hitta pabba!“ hrópa þau bæði í kór.

Hvað verðið þið lengi?

Zara: „Fjórar vikur.“

Eruð þið búin að plana eitthvað sérstakt?

Óli: „Ég ætla á fótboltanámskeið í tvær vikur. Mér finnst fótbolti svo skemmtilegur. Hef æft í mörg, mörg ár með Fram; er á hægri kanti.“

Zara: „Ég ætla nú bara að hitta vini mína, fara á ströndina og í búðir og svona. Svo ætlum við að halda upp á ferminguna mína í Makaó sem er eins og lítið Las Vegas. Pabbi komst nefnilega ekki í veisluna á Íslandi.“

Enginn fótbolti?

Zara: „He, he. Nei, ég kann ekki einu sinni að spila fótbolta!“

Vita vinir ykkar úti eitthvað um Ísland?

Óli: „Nei.“

Zara: „Alla vega ekki mikið. Þeim finnst tungumálið skrítið og halda að hér sé bara klaki þó ég hafi oft leiðrétt þá. Þeim finnst samt mjög flott og kúl að ég búi á Íslandi.“

En vita íslensku vinirnir eitthvað

um Hong Hong?

Óli: „Nei og spyrja ekkert. Þeir er vanir því að við séum alltaf að fara út.“

Hvað tekur langan tíma að komast þangað?

Zara: „Maður fer fyrst til London. Það tekur svona þrjú tíma.“

Óli: „Svo þarf að bíða á flugvelli í nokkra klukkutíma.“

Zara: „Þá er eftir flugið til Hong Kong og það tekur þrettán tíma.“

Hvernig drepið þið tímann?

Óli: „Horfum á myndir. Sofum.“

Zara: „Stundum tek ég tölvuna mína með og er í henni.“ Horfir á bróður sinn. „Stundum tölum við saman.“

Með hverju mælið þið helst í Hong Kong?

Zara: „Hmmm – það er sko nóg af flottum búðum og verslunarmiðstöðvum í miðbæ Hong Kong. Ég mæli alveg með þeim.“

Óli: „Og þú gætir líka farið í Disney World eða Ocean World.“

Zara: „Eða á ströndina.“

Óli: „Svo er flott Go kart-braut sem er mjög skemmtileg, paintball og alveg fullt meira!“

- rve



BARNVÆNT


Gæðastundir á Klambratúni

Tilvalið er að skella sér á Klambratún með fjölskylduna á meðan veður leyfir enda lautarferðir og hvers kyns leikir ávallt ávísun á ljúfar stundir. Ýmis tilbúin afþreying stendur til boða og þar á meðal glæsilegur Frisbee Golf-körfuvöllur sem var nýlega settur upp. Ekkert kostar að spila en nauðsynlegt er að mæta með alvöru svífdiska. Á Klambratúni er einnig að finna svokallaðan Dótakassa sem er fullur af leikföngum og -tækjum sem hægt er að fá að láni endurgjaldslaust. Hægt er að kíkja í kassann á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 16 til 19 og líka á sunnudögum (nema í júlí) frá klukkan 12 til 17. Túnið hentar líka vel til að stunda fótbolta og kubb að ógleymdum sigildum útileikjum á borð við feluleik eða stórfiskaleik.




Klambratún Paradís í miðborg Reykjavíkur.

ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-


BORDSTOFUBORD
200X100

TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-

TV Skenkur
Breidd: 200m
Verð: 98.000,-



FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165
Verð: 278.000,-



ROMEIO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi
Stærð: 310X180
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi
Stærð: 295X167
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-



PRIMA stóll
Verð: 13.800,-



VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is



• Almennar pústviðgerðir og sérsníði
• Þjónusta f. stóra bíla
• Bílrúðuúsetningar
• Bílrúðuviðgerðir
• Góð og örugg þjónusta



Betra Púst
SKÓGARHLÍÐ 10, REYKJAVÍK

Sími: 555 7070
www.betrapust.is
betrapust@betrapust.is

Betra púst ehf
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík

Stubbarnir eru komnir



Felu-leikur með Stubbunum

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Okkar eigin Osló
Sumarhúsið sem brann

Möffins sumarlegt og sjúklega gott

www.rit.is

HNÓTSKÖGUR grafísk hönnun

NÝTT BLAÐ KOMIÐ Í VERSLANIR

Tryggðu þér eintak!

Áskrift í síma 578 4800 og á www.rit.is

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

RÓSAKIRSI

Byflugnarækt

FRÉTTIR | VÍÐSKIPTI | ÍPRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

VÍSIR



Góð stemning „Feðurnir voru allir með svipaða sýn á lífið og ég sjálfur. Þetta eru svo mjúkir karlar,” segir Heimir. Hér er hann Benjamín 10 ára og Helenu Rós 17 ára.

FRAMHALD AF FORSIÐU

oft kallað feðraorlof og það sé mismunandi eftir löndum. „Í sumum löndum Evrópu er það ekkert en í öðrum er það einn dagur.“

Mikið var rætt um feðraorlof á stofnfundinum. Heimir býst við að Íslendingar muni sjá um að veita PEF upplýsingar um tilkomu fæðingarorlofsins á Íslandi og hvernig það hafi reynst. „Þannig að við munum senda þeim upplýsingar um hvernig fæðingarorlofi var komið á hérna, hvernig hægt er að láta það virka og hverju það hefur skilað,” útskýrir Heimir og tekur fram að hægt sé að horfa á fæðingarorlof frá mismunandi sjónarhornum. „Við feður erum að

leita að sambandi við börnin okkar og með auknu fæðingarorlofi fáum við aukin tengsl við börnin. Út frá sjónarhorni kvenréttindahreyfinga er það launamunur á vinnumarkaði. Sé ábyrgð foreldrahlutverksins færð meira yfir á karlmenn stuðlar það að jafnari launum á vinnumarkaði.“

Félagið var stofnað að frumkvæði hollensks föður. Marije Cornelissen, hollenskur þingmaður á Evrópuþinginu, styrkti feðurna til fundarsetunnar. „Hún bauð okkur og styrkti feðurna til að koma saman í höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel,” upplýsir Heimir sem segir að Marije sé einn helsti talsmaður þess að koma á grunnfeðraorlofi fyrir öll Evrópulönd. „Hún vill að feður fái fjórar vikur að lágmarki

í fæðingarorlof í öllum löndum Evrópusambandsins. Það gengur samt ekki of vel og það er mismikil andstaða við það. Atvinnurekendur eru mjög mótfallnir því, enda er það þannig í sumum löndum Evrópu að atvinnurekendur borga fæðingarorlofið.“

Eitt af hlutverkum félagsins, að sögn Heimis, er að ræða stöðu feðra í Evrópu. „Við verðum með samskiptavef okkar á milli. Þar flokkum við niður málefni sem tengjast feðrum eins og faðerni, meðlag, umgengni og forsjá. Þá getum við borið stöðuna saman á milli landa á einfaldan og skýran hátt.“ Heimir segir að sömu vandamálin blasi við flestum Evrópulöndum í tengslum við málefni feðra. „Stærstu vanda-

Ráðstefna um feðr

Ráðstefna um feðraorlof var haldin í tengslum við stofnun félagsins Platform for European Fathers (PEF) innan ESB á ráðstefnunni.

Stofnfélagar Platform for European Fathers (PEF) sátu ráðstefnu um feðraorlof á ferð sinni til Brussel. Pólski vinnu- og félagsmálaráðherra, Radoslaw Mleczo, hefur heitið því að finna lausn á feðraorlofi í forsætistíð Póllands sem hófst 1. júlí síðastliðinn. Þetta kemur fram á fréttamiðlinum New Europe, sem birtir fréttir tengdar ESB.

Ráðstefnugestir fögnuðu stuðningi Pólverja við feðraorlof þar sem Evrópuráðið hefur ekki sett sér tímamörk varðandi setningu laga um feðraorlof. „Við munum reyna að opna viðræður um feðraorlof á okkar forsætistíð,” sagði Mleczo. Pólland stendur mörgum Evrópuþjóðum frammar í lagasetningu feðraorlofs en árið 2012 munu pólskir feður fá full laun í tvær vikur í orlofi. Í Svíþjóð fá feður áttatíu prósent laun í tíu daga en Holland, Grikkland og Lúxemborg veita einungis tveggja daga feðraorlof. Feður í Austurríki fá ekkert fæðingarorlof.

Á ráðstefnunni fjallaði Konstantina Davaki frá London School of Economics um kostnað og ávinning feðraorlofs. Sagði hún að breytingar á hlutverkum



Samtakamáttur Pólverjar sem sitja í forsæti Evrópuráðsins hafa lýst því yfir að lausn sambandsins.

kynjanna væru ein helsta ástæðan fyrir nauðsyn lagasetningar.

„Á síðustu fjórutíu árum hafa konur orðið meiri fyrirvinnur en karlar hafa ekki á sama hátt tekið jafn mikinn þátt í umönnun

barnanna,” sagði Davaki. Forkólfar stéttarfélaganna víða í Evrópu tóku þátt í ráðstefnunni og lögðu áherslu á mikilvægi feðraorlofs til að auka möguleika kvenna á vinnumarkaði og gefa



Útimarkaður verður haldinn á Óðinstorgi í dag en hann er hluti af verkefninu Torg í biðstöðu. Að þessu sinni verður grænn markaður með grænmeti og blómum en laugardaginn 23. júl verður þar bóka- og leikfangamarkaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Stórfengleg borg

Beint flug frá Keflavík • Beint flug frá Akureyri

21.-25. október

Riga

Lettlandi

Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Næturlíf eins og það gerist best.

Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem lítið er og setur borgina á stall með fallettri borgum Evrópu.

Verð í tveggja manna herbergi
kr. 93.900,-

FÁ SÆTI EFTIR

Innifalið: Flug, skattar, 4* hótél með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.

Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900

Upplýsingar í síma 588 8900

www.transatlantic.is

Sigtryggur Berg Sigmarsson, tón- og myndlistarmaður, sýnir myndir fyrir tómum sal um helgina.



Hversdagslegar dægurmyndir

Er þetta kannski svolítið leiðileg helgi hjá mér? spyr Sigtryggur Berg Sigmarsson og dregur annað augað í pung. Hann hefur áhyggjur af því að blaðamanni finnst helgin hans ekki nógu spennandi. Dóttir hans, Ýr Langhorst, kemur í dag frá útlöndum og þau ætla saman í sund og bíó. „Ætli maður þurfi ekki að sitja yfir þessari Pottermynd. Ég mun væntanlega vinna eitthvað líka um helgina.“ segir Sigtryggur spekinglega.

Í gær var opnun listsýningar hans í Listasal Mosfellsbæjar sem er samvaxinn bókasafninu. „Sýningin verður opin á meðan bókasafnið er opið, til 5. ágúst,“ segir Sigtryggur á meðan hann setur litla límmíða aftan á dagbókarfærslur sínar sem eru myndir úr teikniblokk. Blaðamaður rekur

augun í sunnudaginn 27. febrúar á þessu ári og spyr hvað hann hafi verið að gera þá. Sigtryggur man strax eftir deginum: „Þetta er bara einn af þessum mjög hversdagslegu sunnudögum heima með kaffibolla og tónlist á fóninum. Þarna hef ég líka fengið vinnufrið. Eftir marga mánuði af snjó og myrkri held ég mig frekar inni. Ég held mig eiginlega alltaf heima við sko. Það er langbest, annaðhvort heima eða á vinnustofunni. En það er stundum gaman að fara til útlanda,“ segir Sigtryggur. Þessar dagbókarmyndir síðustu ára ætla Sigtryggur að hengja upp um alla vegg og þar getur fólk rýnt í líf hans, séð tilfinningar hans, hvort hann hafi verið innblásinn eða tómur að innan, fullur eða edrú, glaður eða dapur. „Þetta er bara hefðbundin dagbók. Þessar myndir

hérna eru frá jólatímabilinu. Þarna sérðu: fyrst er ég rólegur og afslappaður en þarna er ég byrjaður að krassa. Þegar ég hef litla þolinmæði og einbeitingu þá verða myndirnar bara krass,“ segir Sigtryggur um dagana sína en tekur fram að honum finnst myndirnar sem hann nennti ekki að gera oft bestar, en sumar þeirra vinnur hann með Sigurði Ottó, tveggja ára syni sínum.

Þótt hann hafi unnið hörðum höndum að því að koma sýningunni á laggirnar í liðinni viku verða verkin læst inni og enginn á þess kost að sjá þau fyrr en á komandi virkum dögum. Myndirnar hans munu því „endurspegla heila listamannsins í rými listasalsins“ eins og sýningin heitir, einar og yfirgefnar þar til einhver kemur á mánudaginn.

nielsg@365.is

Stórútsala
30-50% afsláttur

laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

vísir

VEIÐIKORTIÐ FÆST Á N1

www.veidikortid.is

00000

N1

Meira í leiðinni

WWW.N1.IS

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Sérverslun með

Gabor®

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opíð mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. 8-17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8-17

BÍLAR & FARATÆKI

bilaborg.is



VICTORY Vegas 8-ball v06ab26ca. Árgætt 2006, ekið 2.400 km, bensín, 6 girar. Verð 2.490.000. Rnr.132798. Glæsilegt hjól Uppl. síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvilandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl. síma 517-1111 eða 696-1001

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>



Rockwood premium með útragi Árgætt 2008, Statíf fyrir tvo gaskúta, Sólarsella, upphitaðar dínur, Fortjald, loftpúðafjöðrun, Tilboðsverð. 2.150.000. Rnr.118202.

Bílasalan Bilás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas.is



DIESEL.is
Kletthálsi 15 • Sími 578 5252



TOYOTA Avensis wagon sol. Árgætt 2004, ekinn 148 P.KM, bensín, sjálfskiptur, ný sumardekk, topp standi Verð 1.550.000. Rnr.132470.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
<http://www.diesel.is>



Nýtt Coleman Cheyenne 10feta, 2. ára ábyrgð, Geymslu hólf, Truma miðstöð omfl, Sumar sprengja verð aðeins 1990þús.kr, Húsin eru á staðnum,




Nýtt Coleman E1 9,5feta Off road, 2 ára ábyrgð, Truma miðstöð, öflugri dekk ofl, Sumar sprengja verð aðeins 2290þús. kr, Húsin eru á staðnum,



Nýtt Coleman Sedona 8feta, 2 ára ábyrgð, Truma miðstöð, ísskápur, omfl, Sumar sprengja verð aðeins 1590þús. kr, Húsinu er á staðnum,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
<http://www.isband.is>



Parftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



CADILLAC Escalade 4 dr 4wd. 8 manna, Árg. 2002, ekinn 72 þúsund mílur bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390. þús. Rnr.127697.



NISSAN Patrol 35". Árg 1995, ekinn 260 P.KM, dísel, 5 girar. er á staðnum Frábærterð 590. þús Rnr.153649.



VOLVO S40 t5 awd. Árgætt 2005, ekinn 95 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 1.790. þús Rnr.153750.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!! Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrennavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellihýsin standa uppsett. Við erum ekki staddir í iðnaðarverfi, Mikið af vögnum á staðnum, Sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 51799999, www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00,
Lokað á laugardögum.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



